

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 09.12.2015

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 09.12.2015

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Jens Jónsson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Jafnréttisáætlun
2. Samþykkt um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs
3. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna og fundargerðir lagðar fram.
4. Sorpmál
5. Beiðni um styrk v/Bændur græða landið
6. Beiðni um stuðning við Snorraverkefni
7. Útdeiling fjármuna inn á Norðvestur svæði
8. Fjárhagsáætlun 2016 og 2017-2019 seinni umræða
9. Önnur mál

1. Jafnréttisáætlun

Vignir lagði fram Jafnréttisáætlun Skagabyggðar. Áætlun samþykkt

2. Samþykkt um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

Fjallað var um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs en eina breyting frá drögum sem fjallað var um fyrr á árinu felst í umfjöllun um brennslustöðvar fyrir dýraleifar. Svæðisáætlun samþykkt.

Vignir lagði fram bréf frá stjórn Flokkunar Eyjafjarðar ehf varðandi hugmynd um stofnun byggðasamlags vegna úrgangsmála á svæðinu og að fylgja svæðisáætlun eftir. Vigni falið að óska eftir frekari upplýsingum frá stjórn Flokkunar Eyjafjarðar ehf.

3. Lagðar voru fram fjárhagsáætlanir og fundargerðir byggðasamlaganna . Umræður spunnust um þær.

4. Sorpmál

Borist hefur kostnaðaráætlun frá Sorphreinsun Vilhelms Harðarssonar um sorphirðu í sveitarfélaginu. Vigni falið að ganga til samningagerðar.

5. Beiðni um styrk v/Bændur græða landið

Beiðni hefur borist frá Landgræðslu ríkisins um styrkbeiðni v/Bændur græða landið að upphæð kr. 24.000. Beiðni samþykkt.

6. Beiðni um stuðning við Snorraverkefnið

Borist hefur beiðni um stuðning við Snorraverkefnið. Beiðni hafnað.

7. Útdeiling fjármuna inn á Norðvestur svæði

Umræður urðu um stöðu sveitarfélagsins gagnvart útdeilingu fjármuna, vegna tillagna Norðvestur nefndarinnar. Ákveðið var að óska eftir fundi með þingmönnum kjördæmisins.

8. Fjárhagsáætlanir 2016 og 2017-2019 seinni umræða

Útsvarsprósenta verður 14,52 % og fasteignaskattur 0,4%

Fjárhagsáætlun Skagabyggðar fyrir árið 2016 rædd og borin undir atkvæði og er samþykkt samhljóða. Skatttekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar kr. 85.471 miljónir og Gjöld eru áætluð kr. 79.434 miljónir. Niðurstaða er jákvæð um 4,9 miljónir þegar tillit hefur verið tekið til fjármunatekna og b-hluta fyrirtækis.

Fjárhagsáætlun Skagabyggðar fyrir árin 2017-2019 tekin til annarar umræðu og borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Borist hefur beiðni um að lóð Hafurstaða verði felld niður og sameinuð móðurjörð Hafursstaða. Byggingar og skipulagsnefnd falið að ganga frá máli samkvæmt verkferli.

Jens vakti athygli á því að ekki var gert við hreppagirðingu á milli Skagabyggðar og Skagastrandar þetta árið. Breytingar þurfa að verða á því og farið í verk um leið og snjóá leysir.

Ákveðið var styrkja jólasjóð Rauða Kross deildar Skagastrandar um kr. 100.000.-

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fundi slitið kl. 17